




Sjálfsmat

Skólaárið 2013-2014



Efnisyfirlit

1. INNGANGUR.....	3
2. UM SKÓLANN.....	3
2.1. SKÓLANÁMSKRÁ	4
2.2. SKÓLASTEFNA HEIÐARSKÓLA	5
3. SJÁLFSMAT	6
3.1. MATSAÐFERÐIR	7
3.2. SKILGREINING Á INNRA OG YTRA MATI.....	7
3.3. INNRA MAT 2013-2014	8
3.4. YTRA MAT 2012 - 2013.....	8
4. MATSÁÆTLUN HEIÐARSKÓLA 2013-2014.....	9
5. NIÐURSTÖÐUR SJÁLFSMATS 2013-2014	10
5.1. NEMENDAKANNANIR	10
5.1.1. <i>Pisa 2012</i>	10
5.1.2. <i>Samræmd próf</i>	11
5.1.3. <i>Lestur og lesskilningur</i>	22
5.1.4. <i>Stærðfræði og talnaskilningur</i>	30
5.1.5. <i>Viðhorf nemenda</i>	31
5.2. STARFSMANNAKANNANIR	37
5.2.1. <i>Viðhorf starfsmanna</i>	37
5.2.2. <i>Ýmis álitamál rædd meðal kennara – niðurstöður</i>	39
5.3. FORELDRAKANNANIR	40
5.3.1. <i>Viðhorf foreldra</i>	40
5.3.2. <i>Morgunfundir stjórnenda með foreldrum</i>	42
5.4. FRAMKVÆMDARMAT Á NOKKUR VERKEFNI Á SKÓLAÁRINU 2013-2014.....	42

1. Inngangur

Í þessari skýrslu verður gert grein fyrir sjálfsmati í Heiðarskóla skólaárið 2013-2014. Tilgangur með sjálfsmati er að leggja grunn að skilvirku umbótastarfi í skólanum og gera góðan skóla enn betri. Matið er altækt, þar sem öll helstu svið skólans eru metin, og árangursmiðað þar sem upplýsingarnar verða nýttar sem grundvöllur við ákvarðanatöku um frekari þróun skólastarfsins. Matið er unnið af starfsmönnum skólans á grunni upplýsinga sem safnað hefur verið saman. Það beinist að stofnuninni sjálfri en jafnframt að einstaklingunum innan hennar s.s. starfsfólki og nemendum.

Mat á skólastarfi er liður í lögbundnu eftirlitsstarfi skóla og skólayfirvalda sem hefur þann tilgang að tryggja réttindi nemenda og stuðla að skólaumbótum. Markmið mats og eftirlits er einkum þríþætt. Í fyrsta lagi að fylgjast með að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskráa. Í öðru lagi að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum. Í þriðja lagi að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.

Aðalnámskrá grunnskóla, bls. 28-29

Í fylgiskjöllum skýrslunnar eru matsáætlanirnar, áherslu- og umbótaáætlun og þær kannanir sem voru gerðar skólaárið 2013-2014.

2. Um skólann

Þann 21. júlí 1997 var fyrsta skóflustunga tekin að Heiðarskóla. Heiðarskóli er byggður sem tveggja hliðstæðna heildstæður grunnskóli, sem er tvær bekkjardeildir frá 1. – 10. bekk. Hann er jafnframt fyrsti skólinn á Íslandi, sem byggður er í einum áfanga, með íþróttahúsi og sundlaug. Skólinn tók til starfa haustið 1999.

Í stuttu máli er skólinn þannig byggður að eftir honum endilöngum er breiður og bjartur gangur, stundum kallaður „menntavegurinn“. Sunnan megin við ganginn eru verk- og tónmenntastofur, auk raungreinastofa. Norðan megin við ganginn eru þrjú kennslustofuhús á tveimur hæðum, alls 6 almennar kennslustofur í hverju húsi. Kennslustofuhúsin eru auðkennd með litum, gult (yngsta stig), rautt (miðstig) og blátt (unglingastig). Hægt er að

opna á milli tveggja stofa á hverri hæð. Í miðrými skólans er samkomusalur/matsalur á neðri hæð, en stjórnunarrými, námsráðgjafi, fundaraðstaða, skólasafn, upplýsingamennt og kaffistofa starfsmanna á efri hæðinni. Út frá miðrýminu í norðurátt er aðstaða til íþróttaiðkunar, sundlaug og íþróttasalur. Við skólann eru einnig tvær lausar kennslustofur (svo kallaðir kálfar), sem eru notaðar undir almenna kennslu og tónmennt.

Skólaárið 2013-2014 eru u.þ.b. 412 nemendur í skólanum í 20 bekkjardeildum.

Við skólann starfa u.þ.b. 60 starfsmenn. Stjórnskipulag skólans byggir á skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og tveimur deildarstjórum.

Almennir kennara- og starfsmannafundir eru haldnir einu sinni í mánuði og oftast ef þörf þykir.

Nemendaverndarráð er skipað skólastjóra, aðstoðarskólastjóra, deildarstjórum, námsráðgjafa, sálfræðingi, starfsmanni fræðsluskrifstofu og hjúkrunarfræðingi. Ráðið fundar vikulega og hefur það hlutverk að starfa að velferðarmálum nemenda.

Við skólann starfar skólaráð og fundar það reglulega. Skólaráð fær skólanámskrána og skóladagatalið til umfjöllunar og umsagnar á hverju ári. Við skólann er einnig starfandi foreldrafélag.

2.1. Skólanámskrá

Árið 2011 kom út ný og endurbætt Aðalnámskrá grunnskóla. Í henni er gert ráð fyrir að stefna skólans sé birt með tvennum hætti. Annars vegar er skólanámskrá og hins vegar árleg starfsáætlun skólans.

Skólanámskrá er nánari útfærsla á Aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Þar birtist m.a. stefna skólans og þau gildi sem starf hans byggir á. Einnig eru þar ýmsar áætlanir s.s. aðgerðir gegn einelti, jafnréttisáætlun, áfallaáætlun, forvarnaráætlun, rýmingaráætlun og áætlanir um hvernig unnið er með Uppbyggjastefnuna og nemendur sem fara á undan í námi. Í árlegri starfsáætlun er m.a. gert grein fyrir skóladagatali, áherslu- og umbótaáætlun, símenntun starfsmanna, starfsáætlun nemenda, skólareglum, félagslífi nemenda og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Þar eru einnig birtar upplýsingar um starfsfólk skólans og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar.

2.2. Skólastefna Heiðarskóla

Í Heiðarskóla er lögð áhersla á metnaðarfullt skólastarf og að traust og virðing ríki milli manna. Góð samvinna starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra samstarfsaðila skólans eru mikilvægir þættir í skólastarfinu. Í skólanum er starfað eftir skólanámskrá og gerð er starfsáætlun fyrir hvert skólaár. Starfsmenn skólans ígrunda störf sín og leita sífellt leiða til frekari umbóta og stefna að því sameiginlega markmiði að bæta árangur nemenda. Markmiðið er að Heiðarskóli sé í röð fremstu skóla á landinu.

Í Heiðarskóla eru nemendur settir í öndvegi og kappkostað að þeim líði vel og hæfileikar og færni hvers og eins fái notið sín. Leitast er við að nemendur tileinki sér ábyrga afstöðu gagnvart námi sínu og vinni saman með sem minnstri námsaðgreiningu.

Leiðarljós Heiðarskóla er - háttvísi – hugvit – heilbrigði

Í Heiðarskóla er lögð áhersla á:

- jákvæðan aga og þrúðmennsku
- sjálfstæð vinnubrögð og samvinnu
- íþróttir, hreyfingu og hollar lífsvenjur
- verkgreinar, listir og skapandi starf

Við viljum að nemendur okkar séu:

- ábyrgir
- gagnrýnir
- fróðleiksfúsir
- fordómalausir
- víðsýnir

Markvisst er unnið að þessum áhersluatriðum og hafa leiðir verið settar fram til að ná þeim.

Í starfsáætlun og bekkjarnámskrám kemur fram hvernig kennarar vinna með nemendum til að styrkja þessa þætti í skólastarfinu.

3. Sjálfsmat

Í lögum um grunnskóla 91/2008 36 gr. eru ákvæði um innra mat skóla. Innra matið tekur til alls skólastarfsins. Með því fer fram víðtæk gagnaöflun sem veitir upplýsingar um árangur skólastarfsins og er jafnframt leið til að vinna markvisst að umbótum. Samkvæmt lögum ákveður skólinn sjálfur aðferðir við matið.

Sjálfsmat dregur fram sterkar og veikar hliðar skólans og skapar faglegan grundvöll fyrir umbætur. Matið er ein af forsendum þess að hægt sé að setja fram raunhæfar tillögur til úrbóta á veikleikum í skólastarfinu. Eftir sjálfsmat eru lagðar fram tillögur til úrbóta og gerð áætlun um framkvæmd. Síðar er metið hvort að umbætur hafi skilað árangri. Sjálfsmatið þarf að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert.

Í Heiðarskóla snýr sjálfsmatið að helstu þáttum skólastarfsins, s.s. markmiðum skólans, líðan, skipulagi, starfinu í skólanum, kennslu, námsmati, aðbúnaði, stjórnun, o.fl.

Sjálfsmatsteymið ber ábyrgð á framkvæmd sjálfsmats og kemur með tillögur til umbóta þar sem við á.

Tilgangur og markmið með mati á skólastarfi

- Leita leiða til að bæta námsárangur nemenda.
- Efla þekkingu allra starfsmanna á stofnuninni sem heild.
- Auka samstarf og samheldni allra sem koma að skólastarfinu, nemenda, foreldra og starfsmanna.
- Bæta starfsaðstæður og stuðla að betri líðan þeirra sem í skólanum starfa, hvort sem um nemendur eða aðra er að ræða.
- Skapa frjóa umræðu og skoðanaskipti.
- Stuðla að þróun og vexti skólans.
- Tryggja upplýsingamiðlun um starfsemi skólans bæði inn á við og út á við.

3.1. Matsaðferðir

Tvenns konar viðmið eru lögð til grundvallar innra mati skólans. Annars vegar lög og reglugerðir sem grunnskólum er ætlað að starfa eftir og hins vegar skólanámskrá og starfsáætlun en þar kemur fram stefna skólans og markmið.

Við matið er lögð áhersla á að aðferðirnar séu greinandi og fjölbreyttar og falli vel að þeim markmiðum sem unnið er með hverju sinni. Þessi gögn eru m.a. kannanir, spurningalistar, umræðufundir, próf, vettvangsathuganir og gátlistar svo eitthvað sé nefnt. Samhliða formlegu mati eru iðulega gerðar stöðugreiningar á ýmsum atburðum í skólastarfinu, s.s. árshátíðum, þemadögum, samskiptadögum o.fl. og eru niðurstöðurnar metnar og umbótaáætlanir gerðar.

Gerð er matsáætlun til þriggja ára þar sem fram koma þeir þættir í skólastarfinu sem meta á hvert skólaár. Haustið 2014 verður gerð áætlun til næstu þriggja ára. Starfsmenn skólans taka ákvörðun um, hvað á að meta og hver viðmiðin eiga að vera. Þegar niðurstöður liggja fyrir eru greindir styrk- og veikleikar. Þar sem þörf er á er sett fram áherslu- og umbótaáætlun. Eftir tiltekinn tíma er farið yfir hvort að úrbætur hafi skilað tilætluðum eða ásættanlegum árangri.

Matsáætlun og umbótaáætlun fyrir skólaárið er birt í starfsáætlun skólans.

3.2. Skilgreining á innra og ytra mati

Í þessari skýrslu er skilgreiningin á innra og ytra mati eftirfarandi:

Innra mat er framkvæmt af þeim sem vinna í skólanum og er unnið á þeim forsendum. Starfsmenn skólans taka ákvörðun um, hvað á að meta, hver viðmiðin eiga að vera og leggja fram umbótaáætlanir þar sem þörf er á.

Ytra mat er framkvæmt af utanaðkomandi aðilum s.s. fræðsluskrifstofu, Rannsóknarstofu um þróun skólastarfs hjá Menntavísindasviði Háskóla Íslands, Námsmatsstofnun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga o.fl. Niðurstöður af mati sem þessir aðilar framkvæma og snúa að innra starfi skólans geta mjög vel stutt við innra mat og stuðla að markvissari nýtingu mats til umbóta fyrir skólann. Því er fjallað um slíkt mat þar sem við á.

3.3. Innra mat 2013-2014

Læsi 2 (fylgiskjal 8)

Árleg lestrarskimun lögð fyrir alla nemendur í 2. bekk

Raddlestrarpróf í 8., 9. bekk og 10. bekk (fylgiskjal 4)

Árleg lestrarpróf tekin í ágúst, nóvember, febrúar og apríl.

Nemendakönnun (fylgiskjal 1)

Könnun Skólapúlsins lögð fyrir nemendur í 6. – 10. bekk. Nemendakönnunin fór fram í nokkrum 40 nemenda úrtökum sem dreift var samhverft yfir skólaárið. Niðurstöður kynntar á stigsfundum og í skólaráði.

Foreldrakönnun (fylgiskjal 2)

Könnun Skólapúlsins lögð fyrir foreldra nemenda í 6.-10. bekk. Kannað var viðhorf foreldra til hinna ýmsu þátta skólastarfsins. Niðurstöðurnar voru kynntar á starfsmannafundi, í skólaráði og á aðalfundi foreldrafélagsins.

Starfsmannakönnun (fylgiskjal 3)

Starfsmannakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir í mars og mældi 20 þætti. Að auki voru starfsmenn sem stunduðu kennslu beðnir að gefa upplýsingar um átta þætti til viðbótar. Niðurstöðurnar voru kynntar á starfsmannafundi.

3.4. Ytra mat 2012 - 2013

Samræmd próf í 4., 7. og 10. bekk (fylgiskjal 5)

Logo's skimunarpróf í 3., 6. og 9. bekk. (fylgiskjal 6)

Talnalykill í 3. og 6. bekk (fylgiskjal 7)

4. Matsáætlun Heiðarskóla 2013-2014

Hvað er skoðað	Hvenær	Undirbúningur og framkvæmd	Úrvinnsla	Hvað er gert við niðurstöður
Viðhorf nemenda í 6. – 10. bekk.	Allt skólaárið.	Skólastjórnendur og verkefnastjóri með sértæka ábyrgð/ Skólapúlsinn.	Skólapúlsinn/ Skólastjórnendur/ sjálfsmatsteymi.	Niðurstöður kynntar starfsfólki, skólaráði og foreldrum.
Lestur. Raddlestrarpróf lagt fyrir alla nemendur í 8., 9. og 10. bekk einu sinni og síðan aftur fyrir þá sem eru undir viðmiði.	Ágúst, nóvember, febrúar og apríl.	Sérkennari.	Sérkennari.	Farið yfir niðurstöður með skólastjórnendum, umsjónarkennurum, íslenskukennurum og kynntar nemendum. Brugðist við niðurstöðum samkvæmt aðgerðaráætlun skólans, áætlanir gerðar til úrbóta.
Lestur. Lestrarskimun Leið til læsis lögð fyrir 1. bekk.	Haust.	Umsjónarkennarar í 1. bekk/sérkennari.	Umsjónarkennarar í 1. bekk/sérkennari.	Brugðist við niðurstöðum, áætlanir gerðar til úrbóta. Umsjónarkennarar ræða niðurstöður við foreldra.
Lestur. Logos lestrarpróf í 3., 6. og 9. bekk.	Haust.	Kennsluráðgjafar FRÆ.	Kennsluráðgjafar FRÆ.	Farið yfir niðurstöður með skólastjórnendum, umsjónarkennurum og íslenskukennurum. Brugðist við niðurstöðum samkvæmt aðgerðaráætlun skólans, áætlanir gerðar til úrbóta.
Viðhorf foreldra til skólastarfsins.	Vor.	Skólastjórnendur/ Skólapúlsinn.	Skólapúlsinn/ Skólastjórnendur/ sjálfsmatsteymi.	Niðurstöður kynntar starfsfólki, skólaráði og foreldrum.
Viðhorf og hugmyndir foreldra til skólastarfsins.	Vor	Skólastjórnendur / morgunfundir	Skólastjórnendur	Brugðist við niðurstöðum, áætlanir gerðar til úrbóta.
Viðhorf starfsfólks til skólastarfsins.	Vor	Skólastjórnendur/ Skólapúlsinn	Skólapúlsinn/ Skólastjórnendur/ sjálfsmatsteymi	Niðurstöður kynntar starfsfólki, skólaráði og foreldrum

Lestur. Læsi 2 lagt fyrir í 2. bekk.	Vor	Kennsluráðgjafi FRÆ, umsjónarkennarar og deildarstjóri.	Kennsluráðgjafi FRÆ, umsjónarkennarar og deildarstjóri yngra stigs.	Kennarar bregðast við niðurstöðum, fundað með sérkennara. Niðurstöður kynntar foreldrum.
Niðurstöður úr samræmdum könnunarprófum í 4., 7. og 10. bekk.	Des/jan	Námsmatsstofnun deildarstjórar og kennarar.	Námsmatsstofnun, deildarstjórar og kennarar.	Kennarar bregðast við niðurstöðum. Farið vel yfir hvern prófpátt fyrir sig og áætlanir gerðar til umbóta þar sem þörf er á. Kynning á niðurstöðum greininga fyrir kennara.

5. Niðurstöður sjálfsmats 2013-2014

Hér er greint frá niðurstöðum sjálfsmats skólaárið 2013-2014

Umfjölluninni er skipt í eftirfarandi kafla:

- Nemendakannanir
- Starfsmannakannanir
- Foreldrakannanir

Fjallað er um hvern kafla fyrir sig og þar sem við á er gerður samanburður við fyrri kannanir.

Í sumum könnunum eru niðurstöður flokkaðar í styrkleika og veikleika.

Styrkleiki byggir á því að 85% eða fleiri sem taka afstöðu lýsi sig jákvæða en **veikleikar** eru ef ekki nást fyrrgreind viðmið þ.e. að 85% eða fleiri væru jákvæðir.

5.1. Nemendakannanir

5.1.1. Pisa 2012

Niðurstöður úr PISA könnuninni sem lögð var fyrir árið 2012 voru birtar á skólaárinu.

Nemendur Heiðarskóla komu best út í læsi á stærðfræði af skólunum sem heyra undir

Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar, næst besti árangur næst í lesskilningi og sá besti í læsi á

náttúrufræði. Árangurinn er engu að síður undir meðaltali þegar landið í heild sinni er skoðað

og einnig í samanburði við önnur lönd. Heiðarskóli hefur verið nokkuð stöðugur þegar við

skoðum þróun á lesskilningi frá 2000-2012 (fylgiskjal 10).

Viðbrögð:

Töluvert áhyggjuefni er að sjá skólana á Suðurnesjum vera langt undir meðaltalinu og einnig að bilið milli Suðurnesjanna og annarra skóla á landinu virðist aukast. Eitt af því sem kemur í ljós í þessum niðurstöðum er að það vantar fleiri nemendur sem skara fram úr öðrum nemendum og geta leyst erfiðustu verkefnin. Kennarar vinna í því að gera nemendum kleyft að vinna hraðar í sínu námi og þannig fá þeir tækifæri til þess að glíma við erfiðari verkefni fyrir á námstímanum.

5.1.2. Samræmd próf

Einn af mörgum þáttum sem skoðaðir eru þegar meta á gæði skólastarfsins eru niðurstöður á samræmdum könnunarprófum í 4., 7. og 10. bekk. Niðurstöður samræmdra prófa byggjast á því að meta stöðu hvers nemenda með samanburði við jafnaldra hans á landinu öllu og eru prófin því ein leið af mörgum til að afla og miðla upplýsingum um stöðu nemenda og skólans. Markmið skólans er að nemendur nái eins góðum árangri á samræmdum könnunarprófum og þeir hafa forsendur til.

Í samræmdum prófum álítum við það vera viðunandi árangur að vera við landsmeðaltal. Haustið 2013 voru samræmd próf í 4., 7. og 10. bekk.



4. bekkur haustið 2013

Þegar nemendur Heiðarskóla í 4. bekk eru bornir saman við landsmeðaltal kemur eftirfarandi í ljós.

Stærðfræði	Landið	Heiðarskóli	Mismunur
Reikningur og aðgerðir	6,7	8,2	+1,5
Rúmfræði og mælingar	6,8	7,2	+0,4
Tölur og talnaskilningur	6,8	8,2	+1,4
Heildareinkunn	6,8	8,1	+1,3
Íslenska			
Stafsetning	5,3	6,5	+1,2
Lestur	6,0	6,6	+0,6
Málnotkun	5,8	6,1	+0,3
Ritun	5,2	6,1	+0,9
Heildareinkunn	5,9	6,6	+0,7

Viðbrögð:

Frammistaða nemenda í 4. bekk er verulega góð. Nemendur eru yfir landsmeðaltali á öllum þáttum á báðum prófunum. Í stærðfræðiprófinu eru þeir 1,3 í einkunn yfir landsmeðaltalinu. Nemendur voru í 14. sæti yfir skóla landsins í íslensku og 8. sæti í stærðfræði. 4. bekkur er yfir meðaltali skólans síðstu 5 ára í báðum greinum eins og kemur fram í eftirfarandi línuritum.





7. bekkur haustið 2013

Þegar nemendur Heiðarskóla í 7. bekk eru bornir saman við landsmeðaltal kemur eftirfarandi í ljós.

Stærðfræði	Landið	Heiðarskóli	Mismunur
Reikningur og aðgerðir	6,8	6,8	0,0
Rúmfræði og mælingar	6,5	6,4	-0,1
Tölfræði	7,2	7,3	+0,1
Heildareinkunn	6,8	6,9	+0,1
Íslenska			
Stafsetning	6,8	7,2	+0,4
Lestur	6,3	6,1	-0,2
Málnotkun	6,0	5,8	-0,2
Ritun	5,9	5,6	-0,3
Heildareinkunn	6,4	6,3	-0,1

Viðbrögð:

Nemendur í 7. bekk eru við meðaltalið bæði í íslensku og stærðfræði. Nemendur eru undir meðaltali skólans síðustu 5 ára í íslensku en yfir því í stærðfræði eins og kemur fram í eftirfarandi línuritum. 7. bekkur var í 63. sæti yfir skóla landsins í íslensku og 34. sæti í stærðfræði. Kennarar á miðstigi vinna áfram í anda þróunarverkefnisins Skapandi nám-áhugasamir nemendur. Í því verkefni, sem var unnið skólaárið 2011-12 var gert ráð fyrir að bóknámskennarar í þessum árgöngum skoðuðu starfsaðferðir sínar og kennsluhætti og ígrunduðu hvort að þeir væru sem best til þess fallnir að vekja áhuga nemenda á námi.





10. bekkur haustið 2013


Í ár voru lögð fyrir samræmd könnunarpróf í 10. bekk í íslensku, stærðfræði og ensku.

Þegar nemendur Heiðarskóla í 10. bekk eru bornir saman við landsmeðaltal kemur eftirfarandi í ljós.

Stærðfræði	Landið	Heiðarskóli	Mismunur
Gefið var í bókstöfum (A, B, C, D) í fyrsta skipti og þess vegna er ekki hægt að bera saman þættina.			
Íslenska	Landið	Heiðarskóli	Mismunur
Lestur og bókmenntir	6,0	5,5	-0,5
Málnotkun	5,5	5	-0,5
Ritun	6,2	6,3	+0,1
Heildareinkunn	5,9	5,5	-0,4
Enska	Landið	Heiðarskóli	Mismunur
Lesskilningur	6,9	6,6	-0,3
Málnotkun og ritun	7,2	7,4	+0,2
Heildareinkunn	7,0	7	+/- 0,0

Nemendur í 10. bekk eru undir landsmeðaltali og meðaltali skólans síðustu 5 ára í öllum þrem greinum, en meðaltal skólans síðustu 5 ár er yfir landsmeðaltali í greinunum. 10. bekkur var í 73. sæti yfir skóla landsins í íslensku, 61. sæti í stærðfræði og 43. sæti í ensku. Árangur nemenda 10. bekkjar var ekki ásætánlegur og kennarar fóru ofan í saumana á því til að komast að rót vandans. Árangur í ensku og stærðfræði er betri en árið á undan og nálgast aftur landsmeðaltal en árangur í íslensku heldur áfram að hraka. Kennarar munu leggja enn frekari áherslu á lestur og lesskilning.






Framfarir nemenda í 7. bekk

Á hverju ári fylgja niðurstöðum samræmdra prófa útreikningar á því hvort að nemendur séu að sýna framfarir frá samræmdu prófi í 4. bekk, eða ekki. Einnig er hægt að skoða framfarir nemenda frá 7. bekk í 10. bekk. Í skólanum er lögð áhersla á að sem flestir nemendur séu að bæta sig í meðallagi eða meira og stefnt er að því að 80% nemenda séu í þremur efstu flokkunum.

Framfarir frá 4. bekk í 7. bekk í íslensku			
	2011	2012	2013
Umtalsverðar	2,4%	6,7%	0,0%
Meiri en almennt gerist	4,8%	11,1%	5,3%
Í meðallagi	66,7%	62,2%	52,6%
Minni en almennt gerist	23,8%	17,8%	26,3%
Litlar	2,4%	2,2%	15,8%
Ekki upplýsingar um	0,0%	0,0%	0,0%
	100,0%	100,0%	100,0%




Ef skoðaðar eru framfarir nemenda í 7. bekk kemur í ljós að þeir nemendur sem sýna framfarir í meðallagi eða meiri í íslensku eru:

Árið 2011 75%

Árið 2012 80%

Árið 2013 57,9%

Framfarir frá 4. bekk í 7. bekk í stærðfræði			
	2011	2012	2013
Umtalsverðar	0,0%	0,0%	0,0%
Meiri en almennt gerist	0,0%	11,1%	18,2%
Í meðallagi	71,4%	60,0%	36,4%
Minni en almennt gerist	19,0%	15,6%	22,7%
Litlar	7,1%	13,3%	18,2%
Ekki upplýsingar um	2,4%	0,0%	4,5%
	100,0%	100,0%	100,0%



Ef skoðaðar eru framfarir nemenda í 7. bekk kemur í ljós að þeir nemendur sem sýna framfarir í meðallagi eða meiri í stærðfræði eru:


Árið 2011 71,4%

Árið 2012 60,0%

Árið 2013 54,6%

Framfarir nemenda í 10. bekk frá 7. bekk í íslensku og stærðfræði

Framfarir frá 7. bekk í 10. bekk í íslensku			
	2011	2012	2013
Umtalsverðar	9%	0%	4%
Meiri en almennt gerist	7%	25%	13%
Í meðallagi	69%	63%	67%
Minni en almennt gerist	7%	5%	11%
Litlar	7%	3%	4%
Ekki upplýsingar um	2%	5%	0%
	100%	100%	100%




Ef skoðaðar eru framfarir nemenda í 10. bekk kemur í ljós að þeir nemendur sem sýna framfarir í meðallagi eða meira í íslensku eru:

Árið 2011 85%

Árið 2012 85%

Árið 2013 84%

Framfarir frá 7. bekk í 10. bekk í stærðfræði			
	2011	2012	2013
Umtalsverðar	7%	0%	0%
Meiri en almennt gerist	14%	11%	9%
Í meðallagi	62%	46%	62%
Minni en almennt gerist	10%	35%	19%
Litlar	5%	5%	4%
Ekki upplýsingar um	2%	3%	6%
	100%	100%	100%



Ef skoðaðar eru framfarir nemenda í 10. bekk kemur í ljós að þeir nemendur sem sýna framfarir í meðallagi eða meira í stærðfræði eru:

Árið 2011 83%

Árið 2012 57%

Árið 2013 71%

Úrvinnsla niðurstöðna samræmdra prófa

Þegar niðurstöður úr samræmdum prófum í 4., 7. og 10. bekk bárust skólanum var skoðað hvar hægt er að gera betur og hver staða skólans er miðað við landsmeðaltal. Hver þáttur innan greinar var skoðaður sérstaklega og athugað hvort einstakir þættir væru að koma áberandi verr út en heildareinkunn. Einnig var skoðað hvaða þættir eru að koma best út.

Í 4. og 7. bekk kallaði deildarstjóri til kennara viðkomandi árgangs og fór yfir niðurstöðurnar.

Þegar skólinn fékk frumrit prófanna í hendur fóru kennararnir yfir úrlausnirnar áður en nemendur fengu prófin með sér heim. Kennarar skiptu prófunum upp í námsþætti og árangur hvers nemanda var skoðaður gaumgæfilega. Skoðað var hvort margir nemendur fengu rangt fyrir sömu spurningu innan sama þáttar eða hvort mikil dreifing var á röngum svörum. Þetta gaf okkur til kynna hvort ákveðnir efnisþættir hefðu fengið minni yfirferð en nauðsynlegt var. Ef dreifing var lítil og margir nemendur voru að fá sömu villurnar fóru kennarar í sérstaka vinnu með nemendum í þá þætti sem þeir höfðu ekki náð tökum á.

Þetta var gert með einstaklingsmiðaðri kennslu. Kennarar í 4. og 7. bekk héldu kynningu á niðurstöðunum á deildarfundum á yngra og miðstigi. Góðar umræður voru um niðurstöðurnar og hvað ætti að leggja aukna áherslu á svo að útkoman væri enn betri á komandi ári. Kennarar í 10. bekk eru faggreinakennarar og kennslan er því aðeins á þeirra höndum á stiginu og umræðan fór fram innan þess hóps sem kennir viðkomandi grein.

5.1.3. *Lestur og lesskilningur*

Það er unnið markvisst að því að efla lestur og lesskilning nemenda í Heiðarskóla. Unnið hefur verið eftir aðgerðaráætlun skólans sem var gefin út 2008 og var endurskoðuð skólaárið 2012-2013. Í aðgerðaráætluninni má m.a. sjá markmið, viðmið, mat og áætlun til úrbóta. Kennarar eru m.a. hvattir til að mæla oft árangur nemenda með lestrarprófum og setja niðurstöðurnar upp á hvetjandi hátt m.a. með súluritum

Á tíu ára skólagöngu nemenda eru gerðar ýmsar kannanir þar sem hægt er að skoða sérstaklega lestur, lesskilning, hlustun og bókmenntir. Skimun lestrarerfiðleika á sér stað allt frá 1. bekk og upp úr. Forkönnun eða mat á veikleikum og styrkleikum í lestrarferlinum á sér þó stað frá skólabyrjun þar sem sértækir erfiðleikar virðast koma fram í lestrarferlinu. Þá eru valin út ákveðin próf og matslistar til að kanna vandann og vinna út frá.

Við nýtum okkur það ytra mat sem unnið er eins og læsi í 2. bekk og samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk. Einnig er Logo's skimunarprófið lagt fyrir í 3., 6. og 9. bekk. Þegar

niðurstöður úr þessum skimunum og könnunum eru skoðaðar má sjá hvernig nemendur Heiðarskóla eru að standa sig miðað við jafnaldra.

Niðurstöður úr Skólapúlsinum, svörum nemenda í 6. – 10. bekk, gefa okkur vísbendingar um áhuga nemenda á lestri. Kennarar reyna með ýmsu móti að vekja áhuga nemenda á lestri og nýta fjölbreyttar aðferðir til að efla lestur og lesskilning, s.s. gagnvirkan lestur og hugarkort. Sérstaklega eru kennarar á elsta stigi áhugasamir með gerð hugarkorta og leiðarbóka og hafa þær aðferðir orðið fastar í sessi í nokkrum námsgreinum s.s.stærðfræði.

2. bekkur

Læsi 2 var lagt fyrir nemendur í 2. bekk í apríl.

Í 2. bekk er skoðað hver árangur Heiðarskóla er miðað við tölur frá Suðurnesjum þar sem tölur fyrir landið liggja ekki fyrir.

Heiðarskóli 2014

Árangur	Alls	Alls %	Stúlkur	Stúlkur %	Drengir	Drengir %
Undir 65%	9	23,68%	4	17,39%	5	33,33%
65%-95%	22	57,89%	14	60,87%	8	53,33%
Yfir 95%	7	18,42%	5	21,74%	2	13,33%
Samtals	38	100%	23	100,0%	15	100,0%
Meðaltal	34af46 atr	74,83%	36af46 atr	77,50%	33af46 atr	70,72%


	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Heiðarskóli	75,8%	71,2%	73,8%	74,60%	71,8%	68,17%	73,91%	68,14%	81,01%	79,50%	74,83%
Reykjanesbær og Sandgerði	66,6%	69,7%	66,5%	61,0%	63,2%	63,98%	65,97%	69,35%	73,23%	70,89%	70,30%
Reykjanesbær	65,1%	69,7%	68,6%	61,4%	64,30%	66,43%	68,88%	73,58%	75,26%	72,23%	71,40%
Reykjavík	70,60%	67,8%	69,7%	70,70%	71,70%	72,30%	71,70%	73,40%	72,40%	70,40%	

	Heiðarskóli: Hlutfall "læsa nemenda" skv. Læsi 2										
	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
65% árangur og yfir	63,8%	69,0%	70,5%	68,3%	73,50%	64,00%	67,44%	71,87%	91,11%	77,14%	76,32%
Undir 65% árangri	36,2%	31,0%	29,5%	31,7%	26,50%	36,00%	32,56%	28,13%	8,89%	22,86%	23,68%
Meðalárangur skóla	75,80%	71,20%	73,80%	74,60%	71,80%	68,17%	73,91%	68,14%	81,01%	79,50%	74,83%

Árangur nemenda í 2. bekk í Læsi 2 er verulega góður. Þeir eru 3,43 prósentustigum fyrir ofan meðaltal grunnskóla í Reykjanesbæ. Meðalárangur skólans er sá fjórði besti ef skoðaður er árangur aftur til ársins 2004.


Þegar við berum saman stúlkur og drengi þá kemur nokkur munur í ljós. Meðaltal stúlnanna er 77,5% en drengjanna er 70,72%. Sjö nemendur ná yfir 95% árangri, 5 stúlkur og 2 drengir. 1 af hverjum 3 drengum nær ekki yfir 65% árangur en hjá stúlkunum er það hlutfall 17,39% eða nálægt 1 af hverri 6.

Hér er hægt að sjá hlutfall þeirra nemenda sem ná yfir 65% árangri og þeirra sem ekki ná þeim árangri.



Þetta er 3ja hæsta hlutfall nemenda sem nær yfir 65% árangri frá árinu 2004. Síðustu tvö ár á undan eru einu tvö árin þar sem hærra hlutfall nær þeim árangri. Árangurinn í ár er nánast sá sami og á síðasta ári.

Hér er hægt að sjá meðaltal Heiðarskóla 2004 – 2014.



Logos skimunarpróf

Starfsmenn Fræðsluskrifstofu lögðu fyrir Logos skimunarpróf í 3., 6. og 9. bekk en þeir skilgreina útkomu á eftirfarandi hátt:

- Þeir sem eru undir 15 í hundraðsröð eru með mikil vandamál
- Þeir sem eru á milli 15 og 30 eru með minni vanda og oft hægt með átaki að lyfta þeim upp yfir 30
- Allir yfir 30 eru í góðri stöðu

Nemendur í 3. bekk

Leshraði	yfir 30	milli 15 og 30	undir 15	samtals
	27	3	7	37
	72,97%	8,11%	18,92%	100,00%
lesskilningur	25	6	6	37
	67,57%	16,22%	16,22%	100,00%

Leshraði nemenda í 3. bekk er í 72,97% tilvika í góðum málum, 8,11% eru með minni vanda og 18.92% með mikil vandamál.

Lesskilningur nemenda er í 67,57% tilvika í góðum málum, 16,22% eru með minni vanda og 16,22% með mikil vandamál.


Nemendur í 6. bekk


Leshraði	yfir 30	milli 15 og 30	undir 15	samtals
	22	8	8	38
	57,89%	21,05%	21,05%	100,00%
lesskilningur	20	9	9	38
	52,63%	23,68%	23,68%	100,00%

Leshraði nemenda í 6. bekk er í 57,89% tilvika í góðum málum, 21,05% eru með minni vanda og 21,05% með mikil vandamál.

Lesskilningur nemenda er í 52,63% tilvika í góðum málum, 23,68% eru með minni vanda og 9% með mikil vandamál.

Árgangur 2002 fór einnig í Logos skimunarprófið í 3. bekk, var fyrsti árgangurinn til þess að prufukeyra skimunina. Við eigum því samanburð á þessum árgangi sem er hér í meðfylgjandi myndritum.





Nemendur í 9. bekk

Leshraði	yfir 30	milli 15 og 30	undir 15	samtals	stafsetning
	35	7	5	47	1-6 villur
	74,47%	14,89%	10,64%	100,00%	63,41%
lesskilningur	30	9	8	47	7 og fleiri
	63,83%	19,15%	17,02%	100,00%	36,59%

Leshraði nemenda í 9. bekk er í 74,47% tilvika í góðum málum, 14,89% eru með minni vanda og 10,64% með mikil vandamál.

Lesskilningur nemenda er í 63,83% tilvika í góðum málum, 19,15% eru með minni vanda og 17,02% með mikil vandamál.

Í stafsetningarhlutanum þá fengu 63,41% nemenda 1-6 villur og 36,59% fengu 7 villur eða fleiri.

Viðbrögð:

Unnið verður markvisst að því að efla lesskilning nemenda t.d. með gerð hugtakakorta. Kennarar eldri bekkja fara yfir stöðuna og leggja til úrbætur. Umsjónarkennarar í 6. bekk fóru yfir samanburðinn á milli 3. og 6. bekkjar, kynntu niðurstöðurnar fyrir foreldrum og gerðu áætlun til úrbóta.

Raddlestur í 8. og 9. bekk

Lestrarviðmið í 8. – 10. bekk í raddlestri er 300 – 350 atkv. á mín

Í ágúst voru allir nemendur í 8. og 9. bekk prófaðir í raddlestri ásamt þeim nemendum í 10. bekk sem lásu undir 250 atkvæðum í fyrravor. Allir nemendur í 8., 9. og 10. bekk voru síðan prófaðir í nóvember.

Nokkur undanfarin ár hefur sérkennari skólans lagt sama prófið fyrir, þannig að við höfum góðan samanburð á milli ára.


- Nóvember 2008 29% nemenda í 8. og 9. bekk lásu 300 atkv/mín eða meira
- Nóvember 2009 38% nemenda í 8. og 9. bekk lásu 300 atkv/mín eða meira
- Ágúst 2010 33% nemenda í 8. og 9. bekk lásu 300 atkv/mín eða meira
- Nóvember 2011 23% nemenda í 8. og 9. bekk lásu 300 atkv/mín eða meira
- Ágúst 2012 25% nemenda í 8. og 9. bekk lásu 300 atkv/mín eða meira
- **Nóvember 2013 30% nemenda í 8. og 9. bekk lásu 300 atkv/mín eða meira**
- **Nóvember 2013 43% nemenda í 10. bekk lásu 300 atkv/mín eða meira**

Niðurstöður úr þessum prófum voru kynntar á starfsmannafundi (fylgiskjal 9). Einnig kynnti aðstoðarskólastjóri þessar niðurstöður fyrir nemendum í 8. 9. og 10. bekk.

Sérkennari, skólastjórnendur, umsjónarkennarar og íslenskukennarar fóru saman yfir niðurstöðurnar og gerðu áætlanir til úrbóta.


Nemendur í 8. bekk

25% nemenda í 8. bekk hefur nú þegar náð 300 atkv/mín viðmiðinu sem ætlast er til að nemendur hafi náð við lok grunnskóla. 86% nemenda er yfir 250 atkv/mín á prófinu sem lagt var fyrir í apríl.




Raddlestrarpróf í 9. bekk

36% nemenda í 9. bekk hefur nú þegar náð 300 atkv/mín viðmiðinu sem ætlast er til að nemendur hafi náð við lok grunnskóla. 94% nemenda er yfir 250 atkv/mín á prófinu sem lagt var fyrir í apríl.



Raddlestrarpróf í 10. bekk

43% nemenda í 10. bekk náði 300 atkv/mín viðmiðinu sem ætlast er til að nemendur hafi náð við lok grunnskóla. 92% nemenda lauk skólagöngunni með yfir 250 atkv/mín.



5.1.4. Stærðfræði og talnaskilningur

Það er markvisst unnið með stærðfræði í öllum árgöngum. Mikil áhersla er lögð á hugtakaskilning hjá nemendum. Stærðfræðikennarar á unglingastigi hafa undanfarin ár notað leiðarbækur í vinnu með nemendum. Þar skrá nemendur þau hugtök ásamt útskýringu og sýnidæmi sem verið er að vinna með hverju sinni. Hver námsþáttur er síðan gerður upp með gerð hugtakakorts. Þannig fær nemandinn yfirsýn yfir stærðfræðinámið. Kennarar á miðstigi eru einnig farnir að nýta sér hugtakakortagerð með sínum nemendum. Fagstjóri í stærðfræði hefur kynnt gerð hugtakakorta fyrir öllum kennurum skólans.

Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar leggur talnalykilinn, stærðfræðiskimun, fyrir 3. og 6. bekk að hausti. Í þessari skimun eru tveir prófþættir lagðir fyrir: Reikningur og aðgerðir annars vegar og Algebra og jöfnur hins vegar.

Talnalykill í 3. og 6. bekk

Í niðurstöðunum eru nemendum skipt upp í tvo flokka:

3. bekkur

- nemendur sem hafa náð yfir 70% af námsþáttum
- nemendur sem eru undir 70% árangri

6. bekkur

- nemendur sem hafa náð yfir 60% af námsþáttum
- nemendur sem eru undir 60% árangri

Nemendur í 3. bekk

	yfir 70%	undir 70%	samtdals
Talnalykill	4	33	37
	10,81%	89,19%	100,00%

Einungis 10,81% nemenda í 3. bekk hafa náð yfir 70% af þeim námsþáttum sem prófaðir eru.

Nemendur í 6. bekk

	yfir 60%	undir 60%	samtdals
Talnalykill	27	11	38
	71,05%	28,95%	100,00%

71,05% nemenda í 6. bekk hafa náð 60% af þeim námsþáttum sem prófaðir eru.

Viðbrögð:

Farið var yfir niðurstöður með kennurum og greint hvaða þættir komu illa út. Kom í ljós að nokkrir þættir sem voru prófaðir í 3. bekk voru samkvæmt bekkjarnámskrá á dagskrá seinni hluta skólaársins og var því ekki búið að leggja þessa þætti inn hjá nemendum. Farið yfir bekkjarnámskrár og vinnuferla til þess að tryggja að þessir þættir verði kenndir fyrir á skólagöngunni. Skimunin verður ekki marktæk nema búið sé að leggja inn þá þætti sem verið er að prófa með henni. Árangur nemenda í 6. bekk er ánægjulegur og kennarar fóru yfir þann árangur og umræður teknar um hvernig viðhalda skuli þeim árangri og bæta hann enn frekar.

5.1.5. Viðhorf nemenda

Megináhersla er lögð á vellíðan nemenda og að þeir öðlist góða og haldbæra menntun.

Í skólastarfinu er lögð áhersla á að skapa þær aðstæður að öllum líði vel bæði í starfi og leik.

Í skólastefnu skólans segir m.a

„Í Heiðarskóla eru nemendur settir í öndvegi og kappkostað að þeim líði vel og hæfileikar og færni hvers og eins fái notið sín. Leitast er við að nemendur tileinki sér ábyrga afstöðu gagnvart námi sínu og vinni saman með sem minnstri námsaðgreiningu.“

Áherslur og markmið

Í Heiðarskóla er lögð áhersla á:

- jákvæðan aga og prúðmennsku
- sjálfstæð vinnubrögð og samvinnu
- íþróttir, hreyfingu og hollar lífsvenjur
- verkgreinar, listir og skapandi starf

Við viljum að nemendur okkar séu:

- ábyrgir
- gagnrýnir
- fróðleiksúsir
- fordómalausir
- vísýnir

Markvisst hefur verið unnið að þessum áhersluatriðum og leiðir settar fram til að ná þeim.

Í starfsáætlun skólans og bekkjarnámskrám kemur fram hvernig unnið er með nemendum til að styrkja þessa þætti. Leitast er við að meta hvort að sú vinna hefur borið árangur m.a. með samræðum, einstaklingsviðtölum og niðurstöðum kannana s.s. úr Skólapúlseinum.

Nemendakönnun í 6. – 10. bekk

Nemendakönnun Skólapúlsins fór fram í nokkrum 40 nemenda úrtökum sem dreift var yfir skólaárið. Heildarfjöldi nemenda í 6.-10. bekk í skólanum er 220. Úrtaksmánuðir skólans voru því: september, nóvember, janúar, mars og maí. Valið á spurningunum sem lagðar voru fyrir var byggt að mestu á rannsóknum á íslenskum PISA gögnum og kvörðum frá Námsmatsstofnun og HBSC (Health Behaviour in School-Aged Children) rannsókninni sem er samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri og Lýðheilsustöðvar. Valið er endurskoðað árlega að vori á samráðsfundi með notendum kerfisins. Eftirtaldir þættir í þrem flokkum voru mældir:

Virgni nemenda í skólanum:

Ánægja af lestri, þrautseigja í námi, áhugi á stærðfræði, ánægja af náttúrufræði, trú á eigin vinnubrögð í námi, trú á eigin námsgetu.

Líðan og heilsa:

sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, vellíðan, einelti, tíðni eineltis, staðir eineltis, hreyfing, mataræði.

Skóla- og bekkjarandi:

samsömun við nemendahópinn, samband nemenda við kennara, agi í tímum, virk þátttaka í tímum, mikilvægi heimavinnu í náminu.

Virgni nemenda í skólanum - Niðurstöður

Ánægja af lestri

Í Skólapúlsinum er kvarði sem mælir ánægju nemenda á bókalestri. Nemendur í 7. og 9. bekk eru yfir meðaltali jafnaldra sinna þegar ánægja af lestri er skoðuð en ánægja nemenda í 6. og 8. bekk er á landsmeðaltali. Ánægja nemenda í 10. bekk á bókalestri er aðeins minni en jafnaldra þeirra. Þegar röðun skólanna sem taka þátt er skoðuð kemur í ljós að ánægja okkar nemenda á lestri miðað við aðra er svipuð.

Viðbrögð:

Á síðasta skólaári kom þessi þáttur ekki nægilega vel út og kallað var eftir hugmyndum kennara til að auka ánægju nemenda af lestri. 2 mánuðir skólaársins voru lagðir undir þar sem sérstaklega var farið í að auka ánægju nemenda á lestri og einnig voru sett upp þemu á bókasafni. Ánægjulegt er að sjá árangur af þessari vinnu og áframhald verður á þessari vinnu á næsta skólaári.

Þrautseigja í námi

Þegar niðurstöður spurninga sem gefa til kynna þrautseigju í námi kemur fram að nemendur í 7. bekk skera sér úr þar sem að þeir eru töluvert yfir landsmeðaltali, nemendur í öðrum árgöngum eru til jafns við sína jafnaldra hvað þrautseigju í námi varðar.

Viðbrögð:

Ánægjulegt er að sjá 7. bekk sýna svona mikla þrautseigju í sínu námi. Unnið verður markvisst með nemendum til þess að auka þrautseigjuna. Kennarar úthluta nemendum verkefni við hæfi sem verða þeim krefjandi á tíma og styðja við þá með hvatningu og leiðsögn. Kennarar, nemendur og foreldrar setja sér raunhæf markmið í upphafi skólaársins sem stefna skal að yfir ákveðið tímabil og þessi markmið síðan skoðuð aftur og ný markmið sett. Með þessu skapast umræða um að hverju skal stefna og einnig myndast skuldbinding nemenda við námið. Með því að skapa skuldbindingu hjá nemendum við námið eru meiri líkur á því að þeir sýni þrautseigju þegar verkefnin verða krefjandi, þar sem að þeir verða að klára þau til þess að ná þeim markmiðum sem þeir sjálfir settu.

Áhugi á stærðfræði

Í heild mælist skólinn vel yfir landsmeðaltali. Skólinn mælist meðal fremstu skóla þegar þessi þáttur er skoðaður. Nemendur í öllum árgöngum mælast með mun meiri áhuga á stærðfræði en jafnaldrar þeirra.

Viðbrögð:

Ánægjulegt að sjá áhuga á stærðfræði aukast milli ára en skólinn hefur síðustu 3 ár alltaf mælst yfir landsmeðaltalinu og á hverju ári hefur áhuginn aukist. Áfram verður unnið í því að auka áhuga nemenda.

Ánægja af náttúrufræði

Þegar spurt er um ánægju nemenda af náttúrufræði kemur í ljós að eftir því sem nemendur okkar verða eldri því minni verður ánægjan. 6. og 7. bekkur er að mælast töluvert fyrir ofan jafnaldra sína, 8. bekkur rétt yfir, 9. bekkur er á landsmeðaltali og 10. bekkur mælist aðeins undir.

Viðbrögð:

Náttúrufræðikennarar leita leiða til að auka áhuga.

Trú á eigin vinnubrögðum í námi

Trú á eigin vinnubrögðum í námi er aðeins meiri hjá nemendum okkar en hjá jafnöldrum þeirra á landinu. 7. og 9. bekkur skera sig úr þar sem þeirra trú er nokkuð meiri en jafnaldra þeirra.

Viðbrögð:

Ánægjulegt er að sjá hversu mikla trú okkar nemendur hafa á sínum vinnubrögðum. Sérstaklega ánægjulegt er að sjá nemendur í 9. bekk hafa meiri trú en jafnaldrar þeirra hafa, þar sem að þeir hafa notað iPad í sínu námi allt þetta skólaár og virðist það hafa jákvæð áhrif á trú nemenda.

Trú á eigin námsgetu

Nemendur okkar hafa álíka mikla trú á eigin námsgetu og jafnaldrar þeirra. Nemendur 7. og 9. bekk hafa meiri trú á eigin námsgetu en sínir jafnaldrar.

Líðan og heilsa - Niðurstöður

Sjálfsálit

Fram kemur að nemendur okkar hafa minna sjálfsálit en nemendur samanburðarskólanna. Meðaltal skólans er 4,68 en landsmeðaltal 5,10. Nemendur í 6., 7. og 9. bekk eru á landsmeðaltali en nemendur í 8. og 10. bekk eru talsvert undir meðaltalinu. Einnig kemur töluverður kynjamunur þar sem drengirnir eru á landsmeðaltali en stúlkurnar töluvert undir.

Viðbrögð:

Kennarar vinna í að skapa jákvæða sjálfsmynd nemenda skólans. Vinna verður með sjálfstyrkingu nemenda og þá þarf að huga sérstaklega að sjálfsmynd stúlkna.

Stjórn á eigin lífi

Nemendur mælast í heildina á landsmeðaltali, meðaltal skólans er 4,97 en landsmeðaltal er 5,09.

Viðbrögð:

Vinna verður með sjálfstyrkingu nemenda og efla ábyrgðartilfinningu þeirra.

Vellíðan

Kvarðanum Vellíðan var bætt við Skólapúlsinn haustið 2013. Kvarðinn tekur við af kvarðanum Vanlíðan og kvarðanum Kvíða sem voru með frá árinu 2008. Kvarðinn á uppruna sinn hjá fræðimönnum við Háskólann í München og mælir breiðara róf tilfinninga en fyrri kvarðar ásamt því að mæla einnig jákvæðar tilfinningar. Vellíðan er mæld með því að spyrja hversu oft nemendur upplifðu eftirfarandi tilfinningar í gær:

- Gleði
- Ró
- Áhyggjur
- Dapur/Döpur
- Hamingja
- Niðurdregin(n)
- Reiði
- Streita
- Þreyta
- Brosti eða hló

Í niðurstöðunum kemur fram að vellíðan nemenda er á landsmeðaltali. Nemendur í 7. bekk skera sig úr en þeir mælast nokkuð yfir landsmeðaltali og nemendur í 10. bekk mælast aðeins undir landsmeðaltali.

Einelti

Þegar spurt er um einelti mælist það álíka og hjá öðrum nemendum á landinu eða 4,98 en landið 5,12. Því hærri sem kvarðinn er því sterkari er þátturinn. Einelti mælist undir meðaltali hjá öllum árgöngum nema 8. bekk þar sem þeir mælast nokkuð yfir landsmeðaltali.

Tíðni eineltis

Mælist marktækt undir landsmeðaltali.

Hreyfing

Mælist marktækt yfir landsmeðaltali. Allir árgangar nema 10. bekkur mælist töluvert langt fyrir ofan jafnaldra sína.

Viðbrögð:

Mikilvægt að halda áfram að styðja við hreyfingu nemenda og skapa þeim jákvæðar fyrirmyndir. Skólahreysti er stór þáttur í því ásamt íþrótt- og útivistardögum sem eru fastir liðir í skólastarfinu.

Mataræði

Mataræði er mælt með því að spyrja hversu oft nemendur neyttu eftirfarandi á síðustu 7 dögum:

- Ávextir (t.d. epli, appelsínur, bananar)
- Skyndibitar (t.d. hamborgarar, pítsa, franskar kartöflur)
- Grænmeti (t.d. gulrætur, salat, gúrka, paprika)
- Gosdrykkir (t.d. kók, pepsí)
- Vítamín eða fjölvítamín

Mælist á landsmeðaltali. Því eldri sem nemendur verða því sjaldnar neyta þeir ávaxta, grænmetis og vítamína.

Skóla- og bekkjarandi - Niðurstöður**Samsömun við nemendahópinn**

Í könnuninni er kvarði sem mælir samsömun nemenda við nemendahópinn og er honum ætlað að draga saman viðhorf nemenda til skólans og meta að hve miklu leyti nemendum þykja þeir tilheyra nemendahópnum og að skólinn sé staður þar sem þeim líður vel. Nemendur okkar mælast rétt undir meðaltali 4,88 en landið er 5,04.

Viðbrögð:

Kennarar skoða kennsluhætti. Einblína meira á samvinnu nemenda. Umsjónarkennarar taka nemendur í einstaklingsviðtöl til að kanna líðan þeirra.

Samband nemenda við kennara

Þegar spurt er um samband nemenda við kennara mælumst við aðeins yfir meðaltalinu eða 5,70 en landsmeðaltal er 5,48. Samband nemenda og kennara mælist best í 6. og 9. bekk. En 9. bekkurinn mældist einnig með besta sambandið á síðasta skólaári.

Viðbrögð:

Ánægjulegt er að sjá að drengir upplifa sterkara samband við kennara skólans en jafnaldrar þeirra á landinu.

Agi í tímum

Þegar spurt er um aga í tímum mælist hann á landsmeðaltali. Skólinn mælist með 5,01 en landsmeðaltal er 5,14. 8. bekkur mælist með 3,36 á meðan jafnaldrar þeirra mælast með 4,91.

Viðbrögð:

Ánægjulegt að sjá viðsnúning í þessum þætti frá fyrri árum, þar sem skólinn hefur marktækt mælst undir. Á skólaárinu koma Einar Trausti meistaranemi í sálfræði og hélt erindi á undirbúningsdögum um jákvæða agastjórnun. Kennarar unnu að því að efla samstöðuna. Áfram verður unnið á þessum nótum á næsta skólaári til þess að bæta enn frekar agann í skólanum. Sérstaklega þarf að huga að nemendum í 8. bekk.

Virk þátttaka nemenda í tímum

Nemendur skólans mælast álíka og í öðrum skólum. Meðaltal skólans er 5,52 en landsmeðaltal er 5,38. Meðaltal í 6., 7. og 9. bekk er mun herra en hjá jafnöldrum þeirra.

Mikilvægi heimavinnu í náminu

Nemendur skólans telja mikilvægi heimavinnu aðeins minni en jafnöldrum þeirra á landinu. Meðaltal skólans er lægra en í hinum þátttökuskólunum, 4,87 en landsmeðaltal er 5,16.

5.2. Starfsmannakannanir

5.2.1. Viðhorf starfsmanna

Starfsmannakönnun var lögð fyrir í mars og mældi 18 almenna þætti. Að auki eru starfsmenn sem stunda kennslu beðnir að gefa upplýsingar um 34 þætti til viðbótar. Starfsmannakönnunin fer fram á netinu og er send á tölvupóstföng allra starfsmanna skv. starfsmannalista sem tengiliður Skólapúlsins sendir inn í febrúar. Starfsmannakönnun Skólapúlsins fer einungis fram í mars á hverju ári og niðurstöður hennar birtast á vefsvæði þátttökuskólanna í apríl. Viðmiðunarhópur þessarar rannsóknar samanstóð af meðaltali starfsmanna úr þeim 61 grunnskóla sem tóku þátt í könnuninni. Skólarnir voru ólíkir af gerð

og staðsetningu og í þeim var stór hluti allra starfsmanna grunnskóla á landinu. Öryggismörk í marktektarprófum voru 90%. Lágmarksvarhlutfall í hverjum skóla var 80%. Þegar svarhlutfall er lægra en 70% eru niðurstöður birtar með fyrirvara um að þær endurspeglar mögulega ekki almennt viðhorf foreldra í skólanum. Niðurstöður skóla með minna en 60% svarhlutfall eru ekki birtar.

Könnun hófst: 1.3.2014

Könnun lauk: 1.4.2014

Fjöldi þátttakenda: 56

Fjöldi svarenda: 56

Svarhlutfall: 100%

Almennt um starfsmannahópinn :

- Hlutfall háskólamenntaðra er 74,5% en landsmeðaltal er 73,6%
- Hlutfall starfsfólks 40 ára og eldra er 69,2% en landsmeðaltal er 68,2%
- Meðalstarfshlutfall er á landsmeðaltali, 92,2%.
- Vinnum jafnmarga yfirvinnutíma og í öðrum skólum
- Erum stundvís og mætingar til fyrirmyndar
- Meðalstarfsaldur kennara við skólann er 8,4 ár - landið 9,9 ár
- Kennarar skólans eru jafnsáttir við kennarastarfið og aðrir kennarar á landinu
- Höfum mikla trú á eigin getu

Það er mikil starfsánægja í skólanum, starfsandinn er mjög góður og starfsmenn eru ánægðir með stjórnun skólans en við röðumst meðal efstu skóla í þessum þáttum. Einnig finnst starfsfólkinu upplýsingastreymið vera ágætt og vinnuaðstaðan mjög góð. Við mælumst marktækt fyrir landsmeðaltali í öllum þessum þáttum.

Starfsmönnum finnst :

- 88% starfsmanna finnst starfsmannaviðtölin gagnleg
- Öllum starfsmönnum finnst gagnlegt að fá mat og endurgjöf
 - 90 % finnst matið og endurgjöfin vera sanngjarnt og gagnlegt
- Virk samvinna um skólaþróun og umbætur, engin skólinn sem mælist hærra
- Hvergi minni samvinna um kennslu en í skólanum, elsta stigið sker sig úr
- Þeir taka virkan þátt í ákvörðanatöku
- Faglegur stuðningur skólastjóra vera mikill

Svör kennara við nokkrum þáttum sem snúa að kennslunni :

- Dregið hefur úr því að öllum bekknum sé kennt í einu
- Erum í meðaltalinu þegar kemur að hópavinnu
- Erum ennþá langt undir meðaltali þegar kemur að einstaklingsvinnu í bekk
- Einstaklingsmiðuð kennsla er að mati kennara að aukast milli ára en ennþá í mjög litlum mæli, rétt yfir 30%
- Heimavinna nemanda á viku er 56,7 mín að meðaltali sem er 6,8 mín minni tími en landsmeðaltal. Skólinn raðast með þeim skólum sem gera minnsta kröfu um tíma í heimanám á viku. Minnsta krafan er á miðstigi.

Svör kennara við nokkrum þáttum sem snúa að námsmatinu :

- Rétt um 36,7% leggja áherslu á námsmat með prófum, landsmeðaltal er 21,1%. Skólinn raðast næst efst þegar kemur að þessum þætti.
- Mikill viðsnúningur hefur orðið á hlutfalli þeirra sem leggja áherslu á að meta nemendur með öðru en prófum. Vorum lang neðst í röðun þegar kemur að námsmati með öðru en prófum, en núna er hlutfallið komið uppí 60% og raðast skólinn rétt neðan við miðju.

Þegar kom að svörum sem sneru að símenntun kennara kom eftirfarandi fram :

- 60% vildi meiri símenntun á síðustu 18 mánuðum, var 72% árið á undan
- 38,1% taldi hana of kostnaðarsama, var 25% árið á undan
- 47,8% taldi svigrúmið vera of lítið vegna vinnutíma, var 18% árið á undan
- Engum fannst vanta stuðning frá stjórnendum, eins og árið á undan

5.2.2. Ýmis álitamál rædd meðal kennara – niðurstöður

Kennarar skólans settust niður í hóp til þess að ræða þrjú álitamál sem stjórnendur vildu fá þeirra álit á. Þessi álitamál voru:

1. Skólaslit – viðurkenningar og fyrirkomulag
2. Lengd kennslustunda og uppsetning á stundatöflum
3. Á að efla samstarf kennara? Og þá hvernig?

Miklar og góðar umræður sköpuðust um þessi mál. Stjórnendur tóku þá ákvörðun í kjölfar niðurstaðna af fundinum að breyta fyrirkomulagi viðurkenninga á skólaslitum. Mikil ánægja var með það fyrirkomulag að veita ekki einstaklingsverðlaun eða viðurkenningar í 1. – 6.

bekk. Í stað þess var veitt viðurkenning á hver bekk þar sem starfsfólk skólans fékk tækifæri til þess að koma hrósi fyrir eitthvað sem stóð upp úr til nemenda (fylgiskjal 9). Engar kröfur um breytingar á lengd kennslustunda komu fram en vilji til aukins samstarfs kom skýrt fram.

5.3. Foreldrakannanir

5.3.1. Viðhorf foreldra

Foreldrakönnunin mælir 41 þátt í fjórum flokkum. Könnunin var framkvæmd í febrúar. Könnunin er gerð fyrir foreldra barna á öllum aldurstigum grunnskólans. Búið er til 120 foreldra líkindaúrtak úr lista sem skólinn sendir inn í kerfið í janúar. Í þeim tilfellum þar sem tvö netföng eru skráð á foreldra er spurningalistanum skipt í tvennt og helmingur listans sendur á sitt hvort netfangið. Öðru hvoru foreldrinu eða báðum í sameiningu er þó frjálst að svara báðum hlutum. Niðurstöður á yngsta, mið- og unglingastigi eru birtar með samanburði við landsmeðaltal í byrjun mars svo lengi sem 80% svarhlutfalli hefur verið náð. Viðmiðunarhópur þessarar rannsóknar samanstóð af meðaltali foreldra úr þeim 60 leikskólum sem tóku þátt í könnuninni. Skólarnir voru ólíkir af gerð og staðsetningu og í þeim var stór hluti allra foreldra á landinu. Öryggismörk í marktektarprófum voru 90%. Lágmarksvarhlutfall í hverjum skóla var 80%. Þegar svarhlutfall er lægra en 70% eru niðurstöður birtar með fyrirvara um að þær endurspeglar mögulega ekki almennt viðhorf foreldra í skólanum. Niðurstöður skóla með minna en 60% svarhlutfall eru ekki birtar.

Könnun hófst: 1.2.2014

Könnun lauk: 1.3.2014

Fjöldi þátttakenda: 220

Fjöldi svarenda: 181

Svarhlutfall: 82,3%

Niðurstöður könnunarinnar eru eftirfarandi :

Foreldrar eru ánægðir með :

- Enginn samanburðarskóli hefur eins ánægða foreldra með nám og kennslu í skólanum og eykst ánægjan frá síðasta ári
- Að námið sé í takt við aðalnámsskrá
- Stjórnun skólans
- Áherslur í námsmati
- Samskipti starfsfólks við nemendur

- Hve vel skólinn mætir þörfum nemenda
- Líðan barnanna í skólanum almennt, í kennslustundum og úti í frímínútum
- Aðstöðu nemenda í skólanum, ánægjan eykst milli ára og mælist skólinn hæstur
- Sérkennsluna og stuðninginn, gríðarlega mikil ánægjan eða í 95,2% tilvika
- Matinn í hádeginu fyrir nemendur
- Foreldraviðtölin

Foreldrar :

- Þeirra barna sem eru með einstaklingsáætlun upplifa allir að um samstarf sé að ræða við gerð áætlunarinnar
- Upplifa sig þátttaka í gerð námaáætlunar með nemandanum
 - 88% telur það mikilvægt
- Telja sig upplýsta um stefnu skólans og námskrá
- Telja heimavinnuna hæfilega
- Telja hæfilegan aga í skólanum, en ánægja foreldra eykst milli ára
- Telja sig virk í námi barnsins
- Hafa meiri trú á eigin getu til að aðstoð heima en foreldrar annarra skóla
- Eru í 95,8% tilvika ánægðir með heimasíðuna okkar

Viðbrögð:

Á skólasetningu verður farið yfir markmið vetrarins. Foreldrar taka þátt í markmiðssetningu nemenda á samskiptadag í september sem verða yfirfarin eftir ákveðin tíma og ný markmið sett. Ánægjulegt er að sjá vilja foreldra til að taka þátt í námi nemenda, þetta kemur skýrt fram í Skólapúlseinum og einnig á morgunfundum stjórnenda með hverjum árgangi fyrir sig.

Foreldrar eru óánægðir með :

- Þeir sem telja að barnið sitt hafi lent í einelti eru ósáttir við úrvinnslu skólans á þeirra málum. 45,5% þeirra eru ánægðir með úrvinnslu skólans í eineltismálum. Á síðasta skólaári var 33,3% ánægja.

Viðbrögð:

Aðgerðaráætlun er í endurskoðun ásamt verkferlum. Allir grunnskólar Reykjanesbæjar eiga fulltrúa í teyminu sem sér um þessa vinnu sem hefur það markmið að samræma aðgerðaráætlanir skólanna.

5.3.2. Morgunfundir stjórnenda með foreldrum

Á skólaárinu boðuðu skólastjórnendur foreldrum hvers árgangs fyrir sig til morgunfundar. Tilgangur fundanna var að gefa foreldrum tækifæri til þess að tjá sig um það sem fram fer í skólanum og hafa þannig áhrif í námi barnsins. Allir fundirnir hófust með liðnum önnur mál þannig var gengið úr skugga um það að enginn brynni inni með mál sem hann vildi koma á framfæri. Ný aðalnámskrá grunnskóla og ný nálgun á námsmat, meðal annars með tilkomu lykilhæfnihugtaksins, var á meðal umræðaefta. Er það mat stjórnenda að vel hafi tekist til með fundina, mæting var góð og stefnt er að því að halda þeim áfram á næsta skólaári.

5.4. Framkvæmdarmat á nokkur verkefni á skólaárinu 2013-2014

Í upphafi skólaárs var lögð fram áhersluáætlun og gekk hún vel eftir eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

Efnispættir	Aðgerðir/Viðbrögð	Umsjón	Mat á árangri - viðmið	Mat á framkvæmd
Lestur/læsi.	Markviss áhersla á lestur og lesskilning í öllum árgöngum. Unnið eftir lestraáætlun. Teymishópar vinna áætlun um hvernig efla megi lesskilning nemenda og áhuga þeirra á bókalestri. Endurvekja kunnáttu í gagnvirkum lestri. Lögð áhersla á hugtakakort. Allir nemendur eru raddlestrarprófaðir í upphafi skólaárs. Skólastjórnendur, sérkennari og íslensku/umsjónarkennarar fara yfir niðurstöður prófa í september og huga að aðgerðum þar sem þar er þörf. Fundað aftur fyrir áramót og á vorönn og skoðað hvernig hefur gengið. Farið vel yfir og brugðist við niðurstöðum úr skimunum og samræmdum könnunarprófum.	Skólastjórnendur.	Niðurstöður úr Skólapúlsum, nemendakönnunum og lestrarprófum. Viðmið: Nemendur skólans séu á landsmeðaltali eða ofar á öllum samræmdum könnunarprófum.	Reyndist vel að lestrarprófa alla nemendur í upphafi skólaárs. Gekk vel að auka áhuga nemenda á lestri með því að leggja 2 mánuði undir þá vinnu. Gekk vel að kynna hugtakakortagerð fyrir kennurum á yngri stigum.
Innleiðing nýrrar menntastefnu – bekkjarnámskrár.	Í vetur verður aðaláhersla lögð á að endurskoða viðfangsefni námssviða og námsmátið. Unnið verður eftir nýju skapalóni við gerð bekkjarnámskráa. Góð tenging á milli markmiða, kennsluhátta og námsmats. Unnið verður að nýrri skólanámskrá á vorönninni.	Skólastjórnendur.	Skólaráð og fræðsluráð fer yfir bekkjarnámskrár.	Gekk vel. Komu álagspunktur í vinnu kennara við innleiðinguna. Skólanámskrárvinnan gekk vel.

Mat í þágu náms.	Námsmati verður breytt til samræmis við nýja aðalnámskrá. Áhersla lögð á að kennarar dýpki þekkingu sína á fjölbreyttu og vönduðu námsmati. Unnið eftir verkáætlun. Ný vitnisburðablöð.	Skólastjórnendur, námsmatsteymi, Bryndís Jóna deildarstjóri verkefnisstjóri.	Niðurstöður Skólapúlsins, kennarakönnun.	Námsmatsvinnan er á áætlun og vinnan heldur áfram næsta skólaár. Ekki gerð ný vitnisburðablöð á þessu skólaári, sett á dagskrá í haust.
Spjaldtölvur (iPad) í námi og kennslu.	Kennarar halda áfram að þróa kennsluhætti. Nemendur þjálfast í að nýta sér þessa nýju tækni í námi.	Skólastjórnendur, Þóra Guðrún verkefnisstjóri.	Niðurstöður úr viðhorfakönnun nemenda, kennara og foreldra nemenda í 9. bekk.	Engar kannanir lagðar fyrir. Gengur vel að innleiða nýja tækni í nám og kennslu.
Framsögn og tjáning	Kennarar fá góða leiðsögn og þjálfun um hvernig efla megi framsögn og tjáningu nemenda.	Skólastjórnendur, teymi.	Niðurstöður úr viðhorfakönnun kennara.	2. bekkur fékk eina kennslustund á viku í sviðslitum sem reyndist vel. 1. – 7. bekkur mun fá slíkt hið sama í haust.
Foreldrasamtarf	Skólastjóri fundar með stjórn foreldrafélagsins. Foreldrar boðaðir á haustfund um nám nemenda. Áhersla er lögð á að bjóða foreldrum til funda um nám nemenda.	Skólastjórn og stjórn foreldrafélagsins.	Niðurstöður Skólapúlsins, foreldrakönnun.	Gekk vel, mikil ánægja bæði hjá stjórnendum og foreldrum með morgunfundina sem haldnir voru með foreldrum hvers árgangs og verða þeir áfram næsta skólaár.
Gryfjan.	Teymi vinnurverkáætlun um framkvæmdir á skólaárinu. Í teyminu eru fulltrúar frá Heiðarskóla, Garðaseli og Heiðarseli.	Teymi María Óladóttir teymisstjóri.	Farið verður yfir verkáætlun í lok skólaárs og metið hvort að hún hefur gengið eftir.	Lítil vinna fór fram. Sett á dagskrá næsta skólaárs.
Eineltisáætlun.	Unnin verður ný aðgerðaráætlun þegar upp kemur grunur um einelti. Allir verkferlar endurskoðaðir og gerðir skilvirkari.	Teymi.	Niðurstöður Skólapúlsins, nemenda- og foreldrakönnun	Teymi sett saman þar sem allir skólar bæjarins eiga fulltrúa og unnin áætlun fyrir alla skólana. Vinnan er á áætlun.
Stærðfræði á yngsta- og miðstigi.	Fagstjóri í stærðfræði skoðar og metur námsefni sem kennt er á þessum stigum með það að markmiði að góð samfella og stígandi sé í námi nemenda.	Þóra Guðrún fagstjóri í stærðfræði.	Matsfundur með kennurum um áramót og í lok skólaárs.	Gekk vel.